

Mál nr. 326/2024**Nafn málskotsaðila (M)****VARNARAÐILI (V2) HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 30. september 2024.
3. Bréf V1, dags. 9. október 2024.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. október 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis varð árekstur milli bifreiðanna A, sem er í eigu M, og B, við gatnamót Háaleitisbrautar og Skógarveggar þann 15. ágúst 2024. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem felldi alla sök á ökumann A fyrir ógætilegan framúrakstur á gatnamótum. M mótmælir þeirri afstöðu í málskoti. Lýsir hann því að bifreiðinni B hafi verið ekið mjög hægt og taldi hann að bifreiðin yrði stöðvuð á veginum og ákvað hann því að taka fram úr B enda sá hann fullbrotna línu og auðan veg framundan. Hafði hann ekki séð nein gatnamót eða vísbendingu um að framúrakstur væri bannaður. Í þann mund sem M var að taka framúr B, var þeirri bifreið beygt til vinstri og árekstur varð. Kveðst M ekki hafa séð stefnuljós á B.

V1 vísar til þess að á vettvangi sé 30 km/klst., sem verði að teljast eðlilegt með hliðsjón af aðstæðum, enda sé hjólastígur við hlið vegarins, nálægð við spítala og þó nokkuð um gatnamót. Þrátt fyrir það sé brotin miðlína (fullbrotin) sem gefi til kynna að framúrakstur sé heimilaður enda sé varúðar gætt, sbr. reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024.

V2 telur að leggja beri alla sök á M, sem olli umræddum árekstri með því að aka fram úr á gatnamótum. Með háttsemi sinni hafi hann brotið gegn 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis varð árekstur A og B við gatnamót Háaleitisbrautar og Skógarveggar. Ökumaður B kveðst hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en árekstur varð. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má eigi aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Á vettvangi var brotin miðlína sem samkvæmt 36. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024, merkir að aka megi yfir hana enda sé gætt varúðar. Um er að ræða yfirborðsmerkingu sem á að stuðla að umferðaröryggi og greiðfærni. Gefa slíkar merkingar til kynna reglur fyrir umferð, leiðbeina ökumanni og upplýsa um aðstæður, sbr. 1. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga skal vegfarandi fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru til kynna með umferðarmerkjum, umferðarljósum, merkingum á yfirborði vegar, hljóðmerkjum eða öðrum hætti á eða við veg. Slík fyrirmæli og leiðbeiningar gilda framar almennum umferðarreglum. Taka verður undir með M að fullbrotin miðlína gefur tilefni til að ætla að óhætt sé að aka yfir hana, sé gætt varúðar. Gefur hún ekki tilefni til að ætla að framundan séu vegamót og því óheimilt að aka fram úr öðru ökutæki. Þrátt fyrir þetta bar M skv. b-lið 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga að ganga úr skugga um að hann gæti ekið fram úr án hættu og bar honum einnig að athuga sérstaklega að sá sem á undan var hafi ekki gefið merki um að hann ætlaði að beygja til vinstri. Með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem um framúrakstur gilda og nefnd eru hér að framan er rík aðgæsluskylda lögð á ökumenn við framúrakstur. Hið sama gildir ef ekið er yfir brotna miðlínu, sbr. 36. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra. Þessa gætti M ekki að í aðdraganda áreksturs.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga skal ökumaður vélknúins ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Skal hann gefa gaum að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, svo og umferð sem á móti og á eftir kemur, og gefa stefnumerki í samræmi við fyrirhugaða akstursstefnu. Í framburðarskýrslu sinni kveðst ökumaður

B hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en hann byrjaði að beygja umrætt sinn og séð A á fullri ferð vinstra megin á veginum þegar hann byrjaði að beygja. Af framburði hans er ljóst að hann gætti ekki að umferð fyrir aftan sig áður en hann beygði til vinstri umrætt sinn og braut hann því gegn 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga.

Miðað við gögn málsins þykir nægilega sýnt að hvorugur ökumanna sýndi næga aðgæslu í umrætt sinn. Sök skiptist til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á árekstrinum.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir